

Paulinn 2025

Fullorðnir

Súlur

Ytri Súla er 1143 m há.

Ekið er upp Súluveg og að bílastæði við enda vegarins. Við bílastæðið er skilti þar sem mismunandi gönguleiðir eru sýndar, svo sem inn í Lamba, að Stíflu, upp í Fálkafell og á Súlur. Því er gott að stoppa aðeins og kynna sér leiðina vel áður en haldið er af stað.

Leiðin á fjallið er stikuð.

Gönguleiðin upp á Súlur byrjar við lækinn fyrir sunnan bílastæðið. Eftir að farið hefur verið yfir lækinn er stefnan tekin upp tröppurnar, upp á litla hæð, og þaðan áfram að girðingu þar sem finna má prílu. Eftir að farið hefur verið yfir hana liggur stikuð leið eftir fjárgötum og stígum alla leið upp á Súlur. Efsti hlutinn er nokkuð brattur. Hafa skal í huga að gönguleiðin liggur meðal annars um móa og mýrar og má því búast við bleytu víða á leiðinni.

Vegalengdi fram og til baka er 10 km.

Gönguhækkun er 900 m.